

Nd.

417. Nefndarálit

[126. mál]

um frv. til l. um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Leitað hefur verið umsagnar ýmissa aðila, sem málið varðar. Nefndin er sammála um að mæla með frv. með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

a. Í stað orðsins „smálestir“ á þremur stöðum komi: rúmlestir.

b. Í stað „25“ á tveimur stöðum í 2. mgr. komi: 50.

2. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Til þess að öðlast brytaréttindi á farþegaskipum og flutningaskipum skal viðkomandi hafa öðlzt meistararéttindi í matreiðslu- eða framreiðsluiðn og hafa staðizt brytapróf við matsveina- og veitingaþjónaskólann.

3. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistöku eitt ár eða lengur. Til að halda rétti sínum til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

Alþingi, 23. febr. 1961.

Jónas G. Rafnar,
form.

Ragnhildur Helgadóttir,
frsm.

Unnar Stefánsson,
fundaskr.

Þórarinn Þórarinsson.

Eðvarð Sigurðsson.